

Góðan dag,

Meðfylgjandi er boðskort á rafrænan ársfund Náttúruhamfaratryggingar Íslands sem haldinn verður þann 20. maí nk. kl. 12.00 til 13.00.

NTÍ leggur áherslu á upplýsandi erindi á ársfundum sem eru í senn áhugaverð og fræðandi. Það er mikilvægt að kjörnir fulltrúar sveitarfélaga séu upplýstir um hlutverk NTÍ og ábyrgð sveitarfélaga til réttar upplýsingagjafar til stofnunarinnar til að mannvirki séu rétt váttryggð ef til tjóns af völdum náttúruhamfara kemur. Því er þess óskað að boðskort þetta verði áframsent á alla kjörna fulltrúa í sveitarfélaginu og aðra þá aðila og starfsmenn sem gagn gætu haft af.



Rafrænn ársfundur Náttúruhamfaratryggingar Íslands verður haldinn 20. maí 2021 kl. 12:00 til 13:00



Setning fundar

Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður NTÍ

Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra

Bjarni Benediktsson

Kynning ársreiknings og ársskýrslu 2020

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri NTÍ

Eldgos á Reykjanesi 2021

Hvað er hægt að gera til að draga úr mögulegu tjóni á innviðum?
Ari Guðmundsson, byggingarverkfræðingur og sviðsstjóri hjá Verkís kynnir afrakstur vinnuhóps á vegum Almannafræðingaráttarinnar.

Fyrirkomulag endurtrygginga hjá NTÍ

Hvernig má lágmarka áhættu NTÍ í einstökum tjónsatburðum?
Alþjóðlegir endurtryggingasamningar.
Hulda Ragnheiður Árnadóttir og Jón Örvar Bjarnason, sviðsstjóri váttryggingasviðs NTÍ

Allir eru velkomnir á rafræna útsendingu af fundinum, bein útsending á www.nti.is/arsfundur

Ef þið hafið spurningar sem tengjast hlutverki NTÍ þá hvetjum við ykkur til þess að senda þær á nti@nti.is. Markmið okkar er að fræða og upplýsa sem best um hlutverk stofnunarinnar svo það virki sem best þegar á þarf að halda.

Slóðin á fundinn er www.nti.is/arsfundur

Með kærri kveðju,
Hulda Ragnheiður

Forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands



Hlíðasmára 14 – 201 Kópavogur
Sími 575-3301 og 892-1110

Netfang: hulda@nti.is